

Úr reglum um stuðningsfjölskyldur

Félagspjónusturnar skulu leitast við að velja stuðningsfjölskyldur sem hafa haldgóða þekkingu og reynslu af starfi með fólki með fötlun.

Stuðningsforeldri skal hafa náð 20 ára aldri sé um ákvörðun vegna eins barns að ræða.

Skilyrði fyrir leyfisveitingu stuðningsfjölskyldu er að umsækjandi hafi náð 23 ára aldri.

Ef um hjón og sambýlistólk er að ræða þá skulu þau sækja um saman.

Félagspjónusturnar skulu leitast við að veita stuðningsfjölskyldum fræðslu sem nýtist þeim í starfi.

Frekari upplýsinga er að finna í verklagsreglum Þjónusturáðs Suðurlands vegna þjónustu stuðningsfjölskyldna.

Reglurnar ásamt umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu félagsþjónustu sveitarfélagsins.

UM GREIÐSLUR

Stuðningsfjölskyldan skilar vinnuskýrslu til félagsþjónustunnar 20. hvers mánaðar


Um er að ræða verktakgreiðslur sem eru skattskyldar tekjur. Heimilt er að færa til frádráttar beinan kostnað s.s vegna fæðis, föndurvara, viðhalds ofl.

Ítarlegri leiðbeiningar er að finna á heimasíðu Ríkisskattstjóra <https://www3.rsk.is/frodi/?cat=343&id=5112&k=7>

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu
Suðurlandsvegi 1-3. 850 Hella
Sími: 487-8125
Heimasíða: www.felagsmal.is

STUÐNINGSFJÖLSKYLDA

Upplýsingar fyrir stuðningsfjölskyldur



**STUÐNINGSFJÖLSKYLDA
HEFUR REGLULEGA Í
UMSJÁ SINNI BARN MEÐ
FÖTLUN**

**STUÐNINGSFJÖLSKYLDA
VEITIR BARNINU
TILBREYTINGU**

**STUÐNINGSFJÖLSKYLDA
VEITIR BARNINU AUKIN
FÉLAGSLEG TENGL**

STARF STUÐNINGSFJÖLSKYLDU

Samningur

Tvær leiðir eru til að gerast stuðningsfjölskylda. Annars vegar að leyfi sé veitt til að gerast stuðningsfjölskylda eða að tekin er ákvörðun hverju sinni um að gera samning við fjölskyldu um að veita þjónustu við tiltekið barn.

Gerður er samningur við stuðningsfjölskylduna um þann tíma-/ sólahringfjölda sem barnið dvelur hjá henni.

Upphæð greiðslna ákvarðast af fötlunarflokki barnsins samkvæmt ákvörðunum Tryggingastofnunar ríkisins.

Samningar um þjónustu stuðningsfjölskyldu eru endurnýjaðir á 12 mánaða fresti. Greitt er fyrir 11 mánuði af 12 á almanaksárinu, nema kveðið sé á um skemmri gildistíma í samningi.

Sótt er um hjá Félags- og skólaþjónustu sveitarfélagsins um að gerast stuðningsfjölskylda.

Hlutverk

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að annast barn með fötlun í skamman tíma til að draga úr álagi á fjölskyldu þess, veita barninu tilbreytingu og stuðning auk þess að gefa því kost á auknum félagslegum tengslum.

Stuðningsfjölskyldan býður barninu að dvelja á heimili sínu sem og að taka þátt í daglegu heimilislífi hennar.

Stuðningsfjölskylda og forráðamenn barnsins eru bundnir þagnarskyldu.



Viðmót

Stuðningsfjölskyldan annast barnið af umhyggju, sér því fyrir næringu, hreinlæti og hvíld og verður við sérstökum þörfum þess vegna fötlunar og/eða sjúkdóms.

Stuðningsfjölskyldan mætir barninu af virðingu, veitir því félagslegan og tilfinningalegan stuðning og skipuleggur með því fjölbreytta afþreyingu sem hæfir aldri þess og þroska.

Farsælt samstarf stuðningsfjölskyldu og foreldra barns með fötlun einkennist af gagnkvæmri virðingu, jákvæðum og heiðarlegum samskiptum og trúnaði.